Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
105 Reykjavík

Reykjavík 19. nóvember 2012

Efni: Umsögn um drög að landsskipulagi.

Samtök ferðaþjónustunnar hafa farið yfir drög að landsskipulagi og hafa eftirfarandi athugasemdir:

Samtökin harma að hafa ekki haft betri aðkomu að undirbúningi landsskipulags og telja að hagsmunir atvinnulífs hafi verið fyrir borð bornir í því samráði sem átti sér stað við gerð landsskipulags. Einnig sakna samtökin þess að ekki er gert ráð fyrir beinu samstarfi við atvinnulífið í því samráði sem boðað er í drögum að landsskipulagi.

Skipulag miðhálendis

Ferðaþjónusta á Íslandi byggist að miklu leyti á að ferðamenn njóti náttúrunnar hvort sem er á miðhálendinu eða á öðrum svæðum þar sem náttúran skartar sínu fegursta en yfir 80% erlendra ferðamanna sækja landið heim vegna náttúrunnar. Samtökin taka undir margt af því sem kemur fram í drögum að landskipulagi er snertir skipulag miðhálendis Íslands og fagna auknum skilningi á miðhálendinu fyrir ferðamennsku en nauðsynlegt er að huga að því að gríðarleg tækifæri felast í uppbyggingu ferðaþjónustu á svæðinu.

Uppbygging á gönguskálum

Samtökin eru mótfallin því að uppbygging á miðstöðvum ferðamanna skuli einungis miðast við jaðarsvæði. Samtökin skilja nauðsyn þess að beina uppbyggingu á stærri þjónustukjörnum að jaðarsvæðum en mikilvægt er huga að þeim möguleikum sem til staðar eru innan miðhálendisins hvað varðar ferðaleiðir. Laugavegurinn frá Landmannalaugum í Þórsmörk hefur verið vinsæl leið á meðal ferðamanna og er nú orðin þétt setin. Nauðsynlegt er að þróa og stika nýjar gönguleiðir á miðhálendinu ásamt uppbyggingu á gistiaðstöðu með það að markmiði að dreifa álagi og vernda vistkerfi og vistgerði ákveðinna svæða. Samtök ferðaþjónustunnar vilja árétta mikilvægi skipulags fyrir landið í heild og telja að það þurfi að koma skýrt fram í landsskipulagi að þróun og hönnun mannvirkja falli sem best að svipmóti lands og náttúru.

Verndarheildir

Samtökin fagna því að á miðhálendinu séu aðeins tvö mannvirkjabelti sem miðast við Kjöl og Sprengisand en telja þó að mannvirkjabeltin eigi að vera hluti af einni verndarheild miðhálendisins. Samtökin telja að ein verndarheild fyrir allt miðhálendið, í stað þriggja sé besti kosturinn til að huga að verndarhagsmunum hálendisins í heild. Með eina verndarheild skapast einnig möguleikar á einfaldara skipulagi við stjórnsýslu þjóðgarða og þjóðlenda. Ef mannvirkjabelti eru hluti af verndarheild miðhálendisins er hægt að setja upp ákveðnari takmörk fyrir mannvirkjagerð.

Orkunýting og orkuflutningur

Samtökin ítreka að yfir 80% erlendra ferðamanna koma til landsins vegna náttúrunnar og möguleikans á að upplifa óspillta náttúru. SAF fagna því að í drögum að landsskipulagi sé gert ráð fyrir að meginflutningskerfi raforku eigi sér stað utan miðhálendisins þar sem slíkur flutningur hefði gríðarlega neikvæð áhrif á landslag og ímynd. Hugmyndir um virkjanir á Skrokköldusvæðinu og Hágöngusvæðinu eru fráleitar þar sem þær eru í jaðri verndarsvæða og munu mannvirki á þessu svæði koma í veg fyrir upplifun ferðamanna af víðernum og ósnortinni náttúru.

Almannaréttur

Samtökin benda á að miðhálendið er víðfeðmt og getur tekið á móti mun fleiri ferðamönnum en koma þangað í dag með skipulagi og þróun nýrra leiða og með uppbyggingu viðkomustaða. Samtökin fagna því að almannarétturinn skuli hafður í heiðri bæði fyrir einstaklinga og hópa, hvort sem er á eigin vegum eða í atvinnurekstri. Bent er á að lög um náttúruvernd hafa ekki verið lögð fram á Alþingi og því erfitt að skilgreina almannarétt eða gera nánari athugsemd við þennan lið að svo stöddu.

Búsetumynstur

Samtök ferðaþjónustunnar telja að byggðaþróun á láglendi sé ekki síður mikilvæg en á hálendi. Mikið af náttúru landsins er á láglendi og njóta ferðamenn hennar í jafnríkum mæli og á hálendinu. Samtökin fagna því að ferðaþjónustan sé talin eitt af lykilatriðum í þróun búsetumynsturs enda er uppbygging ferðaþjónustu eitt af markmiðum strjálbyggðra svæða í flestum löndum Evrópu. Eins og áður hefur komið fram er nauðsynlegt að horfa til hönnunar við skipulag búsetumynsturs með það að markmiði að mannvirki falli vel að svipmóti lands og náttúru. Einnig er mikilvægt að þétta byggðakjarna eins mikið og unnt er. Tryggja verður að samgöngur með ferðamenn á milli svæða og innan svæða séu vel skilgreindar frá almenningssamgöngum og að eðlileg samkeppni ríki á þessu sviði.

Skipulag haf- og strandsvæða

Samtök ferðaþjónustunnar telja að til að nýting og verndun haf- og strandsvæða nái sem best markmiðum sínum þurfi að skipta hafsvæði í ákveðna flokka t.d. eins og fram hér kemur hér á eftir:

- Svæði til ræktunar (umferð takmörkuð og veiðar bannaðar)
- Til uppskeru (veiðisvæði)
- Til afþreyingar (veiðar bannaðar nema með handfærum)
- Vernduð svæði til rannsókna (Öll umferð bönnuð)

Það er skoðun SAF a slík skipting skilgreini hafið betur og er þannig betur hægt að fylgjast með þróun vistgerða og vistkerfa í hafinu. Nauðsynlegt er að skipuleggja ákveðin hafsvæði fyrir afþreyingu eingöngu þar sem veiðar með stórvirkum veiðarfærum í atvinnuskyni eru útlokaðar.

Landsskipulag fjallar að miklu leiti um það sem er íþyngjandi fyrir þá sem vilja fara í framkvæmdir á hálendinu og lítið er minnst á skyldur leyfisveitanda varðandi afgreiðsluhraða mála. Það er nauðsynlegt að leyfisveitendur vinni í skilvirku kerfi þar sem svör við beiðnum hafa tímafrest og að ekkert svar sé ígildi samþykkis. Ferli mála þurfa að ganga fljótt fyrir sig þannig að skynsamleg uppbygging og þróun atvinnutækifæra á miðhálendinu glatist ekki. Einnig mælast SAF til þess að umsóknir til skipulagsyfirvalda hafi málskotsleið ef talið er að úrskurðir skipulagsyfirvalda séu ekki í anda laga og reglugerða.

Virðingarfyllst

Gunnar Valur Sveinsson
Samtök ferðaþjónustunnar